


19. mars 2026

MENNTAÐUR MANNAUÐUR FORSENA UPPBYGGINGAR

Mikill vöxtur hefur verið í byggingariðnaði og mannvirkjagerð á undanförunum árum. Hins vegar hafa sést merki um samdrátt í greininni undanfarið samhliða hægari gangi í efnahagslífinu. Lausum störfum í greininni hefur fækkað og atvinnuleysi aukist. Samdráttur hefur verið í fjölda íbúða í byggingu en háir vextir, mikil verðbólga og hækkun á sköttum og gjöldum er meðal þess sem hefur dregið úr uppbyggingu.

Lykilþáttur í starfsemi greinarinnar er mannauður, en alls starfa nú tæplega 20 þúsund manns í greininni, eða 9% af heildarfjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Starfandi í greininni hefur fjölgað um nær 11 þúsund á síðustu 15 árum í takti við aukna uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis og innviða. Þetta jafngildir um 17% af heildarfjölgun starfandi í öllu hagkerfinu á þeim tíma. Þetta sýnir að greinin er ein af stærstu og mikilvægustu atvinnugreinum landsins og drifkraftur aukinnar verðmætasköpunar.


Starfandi í byggingariðnaði og mannvirkjagerð
í þúsundum




Stjórnendur fyrirtækja í greininni telja að samdrátturinn sé tímabundinn og að fyrirtæki þeirra þurfi að fjölga starfsfólki þegar litið er til næstu ára. Samkvæmt könnun Gallup, sem gerð var fyrir Samtök iðnaðarins í febrúar síðastliðnum telja 45% stjórnenda að stöðugildum muni fjölga á næstu fimm árum. Þá gera 50% ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna og aðeins 5% sjá fyrir sér fækkun. Þess utan er þörf á nýliðun í greininni sem er nauðsynleg til að vega upp á móti þeim sem hætta sökum aldurs eða annarra ástæðna. Því má gera ráð fyrir því að eftirspurn eftir nýju starfsfólki verði mikil þegar litið er til næstu ára.

Þegar stjórnendur eru spurðir hvort skortur á mannauði muni standa í vegi fyrir vexti næstu fimm árin svara 45% játandi, en 55% telja að skorturinn muni ekki hamla vexti. Þetta bendir til þess að á næstu árum geti viðvarandi skortur haft veruleg áhrif á afkastagetu, verkefnaval og samkeppnisstöðu byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar.

Telur þú að skortur á mannauði muni standa í vegi fyrir vexti fyrirtækis þíns á næstu 5 árum?




Sérð þú fram á að fjölga eða fækka stöðugildum á næstu 5 árum?




MENNTAKERFIÐ HEFUR EKKI ANNAÐ FÆRNIPÖRF – SKORTUR Á MENNTUÐU VINNAFLI

Menntakerfi landsins hefur ekki annað þeirri mannauðspörf sem skapast hefur vegna vaxandi verkefna byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar á síðustu árum. Stórum hluta þarfarinnar hefur verið mætt með innfluttu vinnuafli. Um 58% af fjölgun starfandi í greininni á síðustu 15 árum hefur verið mætt með innfluttu vinnuafli. Hlutfall innflytjenda af heildarfjölda starfandi í greininni hefur farið úr 10% í 36% á síðustu 15 árum. Samkvæmt ofangreindri könnun telja 48% stjórnenda fyrirtækja í byggingariðnaði og mannvirkjagerð að yfir 40% af fjölgun stöðugilda fyrirtækisins næstu fimm árin verði erlendir starfsmenn.

Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki núna?




Hvernig starfsfólk skortir helst?




Þrátt fyrir að hægt hafi á vexti greinarinnar er enn skortur á vinnuafli með ákveðna tegund menntunar. Aðspurðir segja 30% stjórnenda fyrirtækja í greininni að skortur sé á starfsfólki nú, en 64% segja að nægt framboð sé til staðar. Þetta kemur fram í könnun sem Outcome gerði meðal félagsmanna SI í byggingariðnaði og mannvirkjagerð í febrúar á þessu ári. Þegar stjórnendurnir eru spurðir hvaða starfsfólk skorti helst svara 61% iðnmenntað starfsfólk, 24% háskólamenntað starfsfólk, 7% ófaglært starfsfólk og 7% annað.

Hversu vel eða illa uppfyllir íslenskt menntakerfi færniþörf þíns fyrirtækis núna?



Hversu vel eða illa telur þú að íslenskt menntakerfi muni uppfylla færniþörf þíns fyrirtækis þegar lítið er til næstu fimm ára?



Þegar stjórnendurnir eru spurðir hversu vel eða illa íslenskt menntakerfi uppfyllir færniþörf fyrirtækja þeirra segja 20% illa og 9% mjög illa. Hins vegar segja 3% mjög vel og 36% frekar vel. Þegar stjórnendur líta til framtíðar lækkar hlutfall þeirra sem telja að íslenska menntakerfið muni mæta færniþörf þeirra fyrirtækja vel. Þegar spurt er hversu vel eða illa menntakerfið muni uppfylla færniþörf fyrirtækjanna þegar lítið er til næstu fimm ára segja aðeins 2% mjög vel og 28% frekar vel. Hins vegar segja 8% mjög illa og 22% frekar illa.

Aukinn áhugi og aðsókn í iðnnám hefur verið á síðustu árum, en ekki hefur tekist að bjóða upp á nægjanlegan fjölda nemapláss. Þetta veldur því að fleiri nemendur fá ekki inngöngu í námið. Undanfarin ár hefur um 600–1.000 nemendum verið vísað frá iðnnámi, samanlagt á haust- og vorönn, vegna þess að iðnnámsskólarnir hafa ekki getað tekið við nema hluta nemenda. Hlutfall nemenda, 21 árs og eldri, sem hafnað er í námið hefur aukist meira en hjá yngri nemendum.

Ljóst er að skortur á vinnuafli hefur verið dragbítur á vöxt byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar síðustu ár og tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar greinarinnar hefur verið fórnað vegna skorts á vinnuafli með rétta færni. Þetta hefur haft áhrif á efnahagsleg lífsgæði landsmanna – skapað skort á uppbyggingu, aukið kostnað og hækkað verðbólgu og vexti. Áhugi á iðnnámi er til staðar. Áskorunin er að menntakerfið hafi rými og fjármagn til að mennta þann mannauð sem nauðsynleg uppbygging íbúða og annarra mannvirkja krefst á komandi árum.


MENNTAÐ VINNUAFL ÞARF TIL AÐ MÆTA UPPBYGGINGU FRAMTÍÐAR

Þegar litið er til framtíðar er ljóst að þörf er á mikilli uppbyggingu íbúða, atvinnuhúsnæðis og innviða. Mikla og vaxandi þekkingu þarf til uppbyggingar á þessum sviðum í starfsemi greinarinnar. Kjarninn í menntaþörf byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar byggir á menntun og færni. Sem dæmi má nefna að stjórnendur fyrirtækja í rafiðnaði innan Samtaka rafverktaka áætla að ráða þurfi 800 rafvirkja á næstu fimm árum.¹

Framleiðni vinnuafls í byggingariðnaði og mannvirkjagerð er meiri hér á landi en að jafnaði á Norðurlöndunum og í ríkjum OECD og hefur farið vaxandi síðustu ár.² Mikilvægt er að greininni séu búin skilyrði sem tryggja áframhald þessarar þróunar.

Skortur á iðnmenntuðu starfsfólki hefur bein áhrif á framkvæmdahraða, afhendingartíma og kostnað verkefna. Mannvirkjagerð er að þróast í átt að flóknari og tæknivæddari starfsemi þar sem menntun og færni mannauðsins er lykilþáttur. Þörfin fyrir iðnmenntað, háskólamenntað og sérfræðimenntað starfsfólk er því afar mikil litið til framtíðar.

Framleiðni vinnuafls í byggingariðnaði og mannvirkjagerð
USD PPP, 2022



Líkur eru á að samkeppni landa um mannauð á þessu sviði muni harðna á næstu árum þar sem uppbyggingarverkefni eru víða mjög umfangsmikil. Án aðgerða í íslensku menntakerfi gæti skortur á vinnuafli á þessu sviði valdið minni uppbyggingu og töfum í framkvæmdum sem draga úr samkeppnishæfni atvinnulífsins og koma niður á grunnþörfum landsmanna fyrir húsnæði og innviði.

Til að unnt verði að mæta fyrirséðri eftirspurn þarf að fjölga nemendaígildum í framhaldsskólum, sérstaklega í iðn- og tæknigreinum. Mæta þarf þörf fyrir meira skólapláss og aukið fjármagn. Skortur á iðnmenntuðu starfsfólki er stærsta einstaka áskorunin og þar þarf að bregðast hratt við. Samhliða því þarf að styrkja tæknimenntun, verkfræði og stafræna hæfni. Byggingargeirinn er að umbreytast í tæknivæddari iðnað þar sem mikil sérfræðiþekking er sífellt mikilvægari hluti uppbyggingar.

¹ Fyrirtæki í rafiðnaði þurfa að ráða 800 rafvirkja, greining SI

² Firm-level productivity dynamics in Iceland, OECD WP nr. 1847 2025